

**77. fundur afgreiðslufunda byggingarfulltrúa  
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 29.  
ágúst 2024 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristján S Kristjánsson byggingarfulltrúi, Axel Rodriguez Överby sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Hermann G Hermannsson Slökkvilið Ísafjarðarbæjar.

**Embættismenn:**

**Fundargerð ritaði:** Kristján Svan Kristjánsson, byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

- 1. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Vífilsmýrar - Flokkur 2, - 2024060023**

Erindið var tekið fyrir á fundi Skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 632 og var ekki talin ástæða til að grenndarkynna áform um breytingu á notkun mannvirkis, með vísan í 3.mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sótt er um breytingu á notkun húsnæðisins.

*Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarleyfi verður gefin út er skilyrði gr. 2.4.4 byggingarreglugerðar verða uppfyllt.*
- 2. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1, - 2024060054**

Lögð er fram umsókn Hallgríms Inga Jónssonar um byggingarleyfi f.h Mosvalla ehf. vegna byggingar á fjár- og geitabúi á jörðinni.

Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá Stoð Verkfræðistofu ehf.

*Erindi frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa.*
- 3. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Bakki - Flokkur 1, - 2024060042**

Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags-og mannvirkjastofnunar nr. 634. Nefndin telur að ekki þurfi að grenndarkynna breytta notkun á mannvirki með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, þar sem hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

*Erindi frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa.*
- 4. Húsatún 189355 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1, - 2024070034**

Lögð er fram umsókn um byggingarheimild frá Hákonni Barðasyni vegna viðbyggingar við sumarhús. Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá Teikna arkitektum ásamt skráningartöflu.

*Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarheimild verður gefin út er skilyrði gr. 2.3.8 byggingarreglugerðar verða uppfyllt.*

**5. Smiðjustígur 2 L237743; umsókn um byggingarleyfi - 2024080123**

Lögð er fram umsókn Kjartans Árnasonar um byggingarleyfi f.h Boiler-Inn ehf þar sem fyrirhugað er að byggja sýningar- og veitingahús. Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá Kaa ásamt skráningartöflu  
*Frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa.*

**6. Umsókn um byggingarleyfi. Selakirkjuból 1 L141048 - 2024080114**

Lögð er fram umsókn Hallgríms Inga Jónssonar f.h Fjallabóls ehf. um byggingarleyfi vegna byggingar á vélageymslu. Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir ásamt séruppdráttum burðarþols og lagna frá Stoð verkfræðistofu ehf.  
*Málinu er vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar m.v í gr. 5.11.2 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.*

**7. Silfurgata 5, Ísafirði. Fyrirspurn um fjölgun íbúða - 2024080107**

Lögð er fram fyrirspurn frá Frey Ólafssyni vegna breytingar á notkun húsnæðisins. Fyrirhugað er að fjölga íbúðum í húsinu sem nú er skráð sem verslunar og þjónustuhúsnæði. Jafnframt eru lagðar fram teikningar frá umsækjanda.  
*Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar*

**8. Sindragata 10 L138764; umsókn um byggingarleyfi - 2024080084**

Lögð er fram umsókn Hugrúnar Þorsteinsdóttur f.h Arctic Fish ehf. vegna breytinga á ytra og innra byrði húsnæðisins. Jafnframt er lagður fram aðaluppdráttur frá M11 arkitektum ásamt samþykki aðliggjandi lóðarhafa fyrir breytingunum.  
*Erindi frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa.*

**9. Gatnamót við Breiðadals-og Botnsheiði. Umsókn um stöðuleyfi - 2024070035**

Lögð er fram umsókn Kristbjörns R. Sigurjónssonar f.h Fossavatnsgöngunnar vegna stöðuleyfis starfsmannahúss. Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 634 og var umsækjanda bent á að um framkvæmd væri að ræða sem ekki fellur undir stöðuleyfi.  
*Erindi hafnað. Umsækjanda er bent á að sækja um byggingarheimild vegna verksins.*

**10. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gáma vegna vinnu við varnargarða - 2024070080**

77. fundur afgreiðslufunda byggingarfulltrúa

Lögð er fram umsókn Ísafjarðarbæjar um stöðuleyfi vegna vinnubúða tengda vinnu við varnargarða.

Jafnframt er lögð fram loftmynd er sýnir staðsetningu vinnubúða.

*Samþykkt. Stöðuleyfi veitt til 12 mánaða*

**11. Umsókn um stöðuleyfi - 2024080155**

Lögð er fram umsókn Erlu Sighvatsdóttir um stöðuleyfi fyrir gám á hátíðarsvæði á Þingeyrarodda.

*Óskað er fylgigagna svo hægt sé að afgreiða umsókn*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00**

---

Kristján S Kristjánsson

---

Axel Rodriguez Överby

---

Hermann G Hermannsson